

Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla

Nefnd menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla hefur lokið störfum. Formaður nefndarinnar Karl Axelsson, hæstaréttarlögmaður og lektor við lagadeild Háskóla Íslands afhenti menntamálaráðherra [skýrsluna](#) í morgun.



Menntamálaráðherra ásamt nefndarmönnum á blaðamannafundi í Þjóðmenningarhúsi

Auk Karls áttu sæti í nefndinni Kristinn Hallgrímsson hæstaréttarlögmaður, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Sjálfstæðisflokki, Pétur Gunnarsson, Framsóknarflokki, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Samfylkingu, Kolbrún Halldórsdóttir, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, og Magnús Þór Hafsteinsson, Frjálslynda flokknum. Elfa Ýr Gylfadóttir, fjölmiðla- og fjarskiptafræðingur, var starfsmaður nefndarinnar. Hægt er að nálgast skýrsluna á vef menntamálaráðuneytis, [menntamalaraduneyti.is](#)

Skýrslan var síðan kynnt fjölmiðlum á fundi í Þjóðmenningarhúsinu síðdegis.

Fjölsótt málþing um skil leikskóla og grunnskóla



Um 350 manns sátu málþingið sem fram fór í Kennaraháskóla Íslands og var jafnframt sjónvarpað beint á netinu.

Menntamálaráðuneytið hélt 1. apríl sl. fjölsótt málþing í [Kennaraháskóla Íslands](#) um skil leikskóla og grunnskóla í samráði við samráðsnefndir leikskóla, grunnskóla og Kennaraháskóla Íslands. Rannsóknarstofnun KHI sá um alla framkvæmd þingsins. Um 350 manns sátu þingið sem einnig var sjónvarpað beint á netinu og mæltist það einkar vel fyrir, ekki síst á landsbyggðinni.

Á málþinginu flutti Steingrímur Sigurgeirsson aðstoðarmaður menntamálaráðherra ávarp fyrir hönd ráðherra. Í máli hans kom m.a. fram að aukin samfella í skólastarfi væri um þessar mundir eitt mikilvægasta markmið í skólakerfinu, allt frá leikskóla til loka framhaldsskóla. Hann vék að skýrslu menntamálaráðuneytis frá því í ágúst 2004, [Breytt námsskipan til stúdentsprófs, aukin samfella í skólastarfi](#) þar sem lagt er til að aðalnámsskrám leikskóla og grunnskóla verði breytt þannig að tekin verði til athugunar tengsl skólastiganna með það í huga að tengja betur nám á síðasta ári leikskóla og fyrsta ári grunnskóla. Sagði hann að engin áform væru um það í menntamálaráðuneytinu að breyta núverandi skipan hvað varðar aldur nemenda í leikskóla og upphaf grunnskóla, en áhersla verði lögð á að tryggja betur samfelluna í náminu og bæta tengslin milli skólastiganna. Loks greindi hann frá því að ráðuneytið hygðist skipa nefnd til að fara sérstaklega yfir tengsl leikskóla og grunnskóla og skil skólastiganna.

Á þinginu greindu ýmsir hagsmunaaðilar frá viðhorfum sínum, bæði frá sveitarfélögum, leikskólum, grunnskólum og foreldrasamtökum og kynnt voru nokkur vel heppnuð þróunarverkefni um sameiginlega sýn tveggja skólastiga og samrekstur leik- og grunnskóla. Þarna gafst einnig gott tækifæri til að fjalla um hugsanleg áhrif styttingar námstíma

til stúdentsprófs á leikskólastigið. Jóhanna Einarsdóttir dósent í menntunarfræðum við [Kennaraháskóla Íslands](#) leitaðist við að svara spurningunni hvort hægt væri að „kenna“ meira í leikskóla. Loks voru pallborðsumræður með öllum fyrirlesurum undir stjórn Stefáns Jóns Hafstein formanns menntaráðs [Reykjavíkurborgar](#).



Barbara Björnsdóttir fulltrúi Heimilis og skóla flutti erindi á málþinginu

Í máli fyrirlesara og annarra sem tóku til máls á þinginu kom fram mikill áhugi á auknu samstarfi leikskóla og grunnskóla með það að leiðarljósi að tryggja sem besta samfellu í námi barnanna og brúarsmið á milli þessara skólastiga, með sveigjanleika í útfærslu að leiðarljósi.

Talið var að bæði leikskólar og grunnskólar myndu hagnast á auknu faglegu samstarfi og skólastigin gætu lært hvort af öðru hvað varðar starfshætti og kennsluskipan með skipulögðu þróunarstarfi.

Hægt er að nálgast efni frá málþinginu vef Kennaraháskóla Íslands, [www.khi.is](#)

Stefnumótun fyrir fornleifavörslu á Íslandi

Menntamálaráðuneytið hefur falið Fornleifavernd ríkisins umsjón með stefnumótun á sviði fornleifavörslu á Íslandi. Fornleifavarsla er umfangsmikið starfssvið sem snertir, auk minjavörslu og fornleifarannsóknir, framkvæmdir ýmiss konar, landbúnað, skógrækt, samgöngur, menningartengda ferðaþjónustu og fræðslumál, auk kirkju og kirkjugarða, svo eitt hvað sé nefnt. Í tilefni af stefnumótunarvinnunni verður boðað til umræðufunda víða um land með hagsmunaaðilum fornleifavörslunnar. Fyrstu fundirnir verða haldnir á Norðurlandi 7. og 8. apríl. Fundarefni er m.a. kynning á lagaumhverfi fornleifavörslu og

umræður um ýmis málefni sem tengjast minjavörslu og framkvæmd hennar. Nánari upplýsingar um fundina er að finna á vef Fornleifaverndar ríkisins, [fornleifavernd.is](#)

Málþing um mótun nýsköpunar- og frumkvöðlamente

Föstudaginn 15. apríl n.k. stendur samstarfshópur um frumkvöðlamente að málþingi um nýsköpunar- og frumkvöðlamente á Grand Hótel í Reykjavík í samstarfi við menntamálaráðuneyti. Samstarfshópurinn skipa fulltrúar [Kennaraháskóla Íslands](#), [Impru](#) nýsköpunarmiðstöðvar, Frumkvöðlafræðslunnar og Þjórsárskóla.

Markmið málþingsins er að fara yfir stöðu og stefnu nýsköpunar- og frumkvöðlamente á Íslandi. Málþingið er öllum opið og er þátttökugjald 4.500 kr. Innifalið er hádegisverður og kaffiveitingar. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu [Impru](#), nýsköpunarmiðstöðvar, [www.impra.is/framtid](#).

Stóra upplestrarkeppnin - lokahátíðir í apríl

Fyrsta lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk grunnskóla árið 2004-2005 var haldin í Árbæjarkirkju í Reykjavík þriðjudaginn 5. apríl sl. Lokahátíðarnar í ár verða 33 á jafnmörgum stöðum víðsvegar um landið frá 5. til 29. apríl.

Á hátíðunum munu nemendur í 7. bekk, sem valdir hafa verið úr skólum byggðarlagsins, lesa brot úr skáldverki og ljóð. Að lokum mun dómnefnd velja þrjá bestu upplestrarana og veita verðlaun. Auk þess koma fram ungir hljóðfæraleikarar og aðrir ungir listamenn. Skáld keppninnar þetta árið eru Guðrún Helgadóttir og Jóhannes úr Kötlum. Menntamálaráðuneytið er einn aðalstyrktaraðila Stóru upplestrarkeppninnar.

